

GJALDSKRÁ

fyrir sorphreinsun í Eyrarbakkaheppi fyrir árið 1994.

1. gr.

Upphæð sorphreinsunargjalds í Eyrarbakkaheppi fyrir árið 1994 skal vera kr. 4 000 fyrir hverja íbúð og hvern sumarbústað, sbr. 9. gr. samþykktar um sorphreinsun í Eyrarbakkaheppi nr. 228/1984.

Innheimta skal gjaldið með fasteignagjöldum og eru gjalddagar þeir sömu.

2. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samin og samþykkt af hreppsnefnd Eyrarbakkahepps staðfestist hér með samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Umhverfissráðuneytið, 22. mars 1994.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglum um málflytjendastörf manna í opinberu starfi nr. 32 10. febrúar 1971.

1. gr.

1. mgr. 1. gr. orðist svo:

Lögfræðingum sem starfa við hæstarétt eða héraðsdómstóla, við embætti ríkissaksóknara, ríkisskattstjóra, ríkistollstjóra, skattrannsóknarstjóra ríkisins, lögreglustjóra, skattstjóra, sýslumanna eða tollstjóra, við fangelsismálastofnun ríkisins, rannsóknarlög-reglu ríkisins eða yfirskattanefnd eða í stjórnarráði, er óheimilt að stunda málflytjendastarf meðan þeir gegna slíkum störfum. Þetta á þó ekki við um málflytjendur, sem gegna fyrnefndum störfum um afmarkaðan stuttan tíma eða eru falin dómaraströf í einstöku máli.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt fyrirmælum 23. gr. laga um málflytjendur nr. 61/1942, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 21. mars 1994.

Þorsteinn Pálsson.

Þorsteinn Geirsson.